

## Samráðsáætlun

vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættin Fossvogsbakkar, Háubakkar og Laugarás í Reykjavík

Svæðin eru öll friðlýst sem náttúruvætti en það eru náttúrumyndanir sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna.

Fossvogsbakkar voru friðlýstir með auglýsingu nr. 326/1999. Á svæðinu er að finna fágætar jarðminjar í jarðsögu Reykjavíkur og landsins alls, Fossvogslögin, og felst verndargildi svæðisins í verndun þeirra. Markmiðið með friðlýsingu Fossvogsbakka er verndun fágætra jarðminja svæðisins.

Háubakkar voru friðlýstir með auglýsingu nr. 347/1983. Á svæðinu er að finna þykk setlög sem bera merki um áhrif loftslagsbreytinga á ísöld. Markmiðið með friðlýsingu Háubakka er verndun fágætra jarðminja svæðisins í núverandi mynd.

Laugarás var friðlýstur með auglýsingu nr. 41/1982. Á svæðinu eru jarðminjar í formi jökulsrispaðs bergs og einnig má sjá ummerki um sjávarstöðu við lok ísaldar. Markmiðið með friðlýsingu Laugaráss er verndun fágætra jarðminja svæðisins og vilji til að halda opnu svæði þar sem unnt væri að skoða þær merku jarðminjar sem eru á svæðinu.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er það hlutverk Umhverfisstofnunar að hafa umsjón með gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. Núverandi verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir þessi náttúruvætti gildir til ársins 2024 og því æskilegt að hefja vinnu að endurskoðun nágildandi áætlunar.

Gert er ráð fyrir að formlegt kynningarferli hefjist veturinn 2025 og að lokaútgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar verði tilbúin sumarið 2025. Skilgreindir samráðsaðilar verða upplýstir með tölvupósti þegar kynningarferli hefst.

Þeim samráðs- og hagsmunaaðilum sem tilgreindir eru hér fyrir neðan er sent erindi til upplýsinga um að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlöndin sé hafin. Gert ráð fyrir að veturinn 2025 verði drög að stjórnunar- og verndaráætlun auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar, Reykjavíkurborgar og víðar eftir þörfum. Þar með hefst kynningarferli þar sem öllum gefst kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Þeim samráðs- og hagsmunaaðilum sem tilgreindir eru í áætlun þessari verður sendur tölvupóstur/erindi til að vekja athygli á að áætlunin sé í kynningarferli. Verkefnastjórn og ritstýring stjórnunar- og verndaráætlunarinnar verður í höndum fulltrúa Umhverfisstofnunar en í samstarfshópi um gerð hennar eiga einnig sæti fulltrúar frá Reykjavíkurborg en einnig verður Náttúrufræðistofnun Íslands til ráðgjafar við nefndina. Í vinnuferlinu er samráð afar mikilvægt og er óskað eftir athugasemdum og ábendingum

sem gagnast geta við gerð áætlunarinnar. Þeir aðilar sem verða upplýstir og/eða óskað verður eftir frekara samráði við vegna vinnslu áætlunarinnar eru eftirtaldir:

Umhverfis-, orku- og loftslagráðuneyti  
Matvælaráðuneyti  
Innviðaráðuneyti  
Minjastofnun  
Hafrannsóknastofnun  
Náttúrufræðistofnun  
Náttúrustofa Suðvesturlands  
Skipulagsstofnun  
Samgöngustofa  
Framkvæmdasýsla - Ríkiseignir  
ISAVIA  
Land og skógur  
Vegagerðin  
Aldin - eldri aðgerðarsinnar  
Fuglavernd  
Landvernd  
Náttúruverndarsamtök Íslands  
Ungir umhverfissinnar  
VÍN - Vinir Íslenskrar Náttúru  
Landvarðafélag Íslands  
Landssambönd hjólreiðamanna  
Íbúaráð Miðborgar og Hlíða  
Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis  
Íbúaráð Laugardals  
Háskólinn í Reykjavík  
Sundstaðurinn í Nauthólsvík  
Veitingastaðurinn Nauthóll  
Ásatrúarfélagið  
Fossvogskirkjugarður  
Siglingaklúbburinn Siglunes  
Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey  
N1 Fossvogi  
Kirkja Sjöundags Aðventista  
Suðurhlíðarskóli  
Áskirkja  
Sportkafarafélag Íslands  
Ævintýraborg í Vogabyggð  
Snarfari, félag sportbátæigenda  
Eigendur fasteigna næst náttúruvættunum og húsfélög